

Fundur 3.4.2023 Margrét frá Öxnafeili.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Margrét frá Öxnafeili, ætla ég nú ekki að vera lengi en ætla ég að efna það loforð að byrja örlitla tilraun sem ekki mun standa lengi, en viljum við athuga hversu sterkt samband ykkar er og möguleikar á að opnast miðilshæfileikar, en ekki er það unnt að ganga úr skugga um það allt í einu þar sem þið opnist með persónulegum hætti hvert og eitt og á löngum tíma.

En við erum hér með ávexti í salnum og ætlum við að biðja ykkur að láta vita og biðja um orðið ef þið skynjið þessa ávexti með vissu, þannig að þið getið lýst útliti þeirra. Verður það aðeins byrjað á tveimur slíkum til að byrja með.

Og í fyrsta lagi ávexti sem er sameiginlegur jörðinni og viljum við fá lit og nafnið sem þið notið, alþekktur ávöxtur en munum svo reyna hér að senda í hug ykkar þar á eftir ávöxt sem að hefur ekki nafn á ykkar hnetti, þar sem öðru vísi á litinn hér hjá okkur og ekki alveg sama tegundin, en það væri vísbending um góða hæfileika ef þetta tækist.

Ætlum við nú að einbeita okkur að ávexti sem þið þekkið á jörðinni og ber algengt heiti og megið þið biðja um orðið ef það er skynjað hjá ykkur.

*Það þorir enginn að byrja, en mér datt nú í hug appelsína strax, en ég veit ekki hvort það er hægt að nota það.*

Jú það er rétt.

*Appelsínu gul á litin.*

Já, þetta er nú heldur betur gott, má ég spurja hvort aðrir hafi skynjað það sama?

*Ég fór að hugsa mikið um plómu, því ég var að borða eina slíka, sem ég geri mjög sjaldan.*

Já það kunna að hafa verið einhver víxláhrif við þann sem nærstaddur var, en þá skulum við prófa seinni ávöxtinn, þið megið nefna nafn sem fer nálægt því sem þið notið á jörðinni þótt okkar tegund sé svolítið stærri og öðru vísi á litinn.

*Mér dettur í hug pera.*

Það er rétt nema hjá okkur er þetta blá rautt á litinn og (*grænt*) nei og kringlótt og stærri.

Það var það sem ég sá.

Já það var það sem þú sást já.

*Það var svona liturinn á plómu.*

Já, en það er þarna við hliðina á þér sem hefur verið að eflast af hæfileikum, hvað skynjaðir þú?

*Ég, ræsking, mér fannst þú vera með melónu og kúrbít.*

Já, já, það eru ýmis víxl mögnunar áhrif, en það er þó gott að þetta komst til skila hjá sumum, en það þarf ekki að segja allt þó að árangur sé misjafn.

Það er eins og maður segir, það getur líka verið áhrif frá öðrum hér í umhverfinu, en við getum sagt að þetta hafi tekist að vissu leiti að hinir réttu ávextir komu í ljós en það er flóknara að útskýra hverjir munu skynja, það er rétt.

Vona að þið hafið verið einhverju nær um möguleika á slíku sambandi og hvort þið sem ætlið að þjálfra miðla getið prófað ykkur áfram með slíkt.

*Mér fannst að liturinn á þessum ávexti hafi verið svona rauð gulur blár.*

Já,

*Og svo dökkur á botninn, svona blár, eitthvað blátt í honum.*

Já já.

*Er það ekki?*

Jú, jú.

*Ég sá einhvern ávöxt svona, getur það verið?*

Já þú hefur eitthvað skynjað, en það hefur komið á mismunandi tíma, það getur líka verið þannig, en við, þú getur verið mjög ánægður með þetta og við hvetjum þið áfram að þjálfra þessa hæfileika og það er aldrei að vita nema þú verðir tilbúinn til að virkjast ef þetta gengur vel.

Erum mjög ánægð með þessa niðurstöðu og þú mátt vera það líka, en það er þó lengra ferli, það getur verið margskonar skynjun sem þarf að þjálfra en þetta er mjög gott.

Og við viljum hvetja ykkur sem eruð að þjálfra miðla að prófa svona ýmsar tilraunir af þessu tagi.

En ætlum við nú að kveðja og kannski munum við reyna þetta síðar, verið þið sælir.

*Vertu blessuð og þakka þér fyrir.*